


UPPLÝSINGAR

FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MEN1* GENI

1	<i>MEN1</i>	Niðurstaða erfðarannsóknar leiddi í ljós að þú berð meinvaldandi breytingu í <i>MEN1</i> geni.
2	Einkenni	Meinvalandi breyting í <i>MEN1</i> geni gerir að verkum að þú hefur auknar líkur til að fá ýmis vandamál tengd innkirtlum, s.s. ofstarfsemi kalkkirtla.
3	Næstu skref	Best er að vera í eftirliti hjá innkirtlalækni.
4	Ættingjar	Fleiri í fjölskyldu þinni gætu borið þessa sömu breytingu og hægt er að kanna hvort svo sé með erfðarannsókn.



Erfðamáti *MEN1* breytingarinnar
Það eru helmingslíkur á að foreldri sem ber breytinguna gefi hana áfram til sinna barna.

Myndin sýnir að jafn líklegt er að karlar og konur beri breytinguna og þau geta gefið hana áfram jafnt til sona sinna og dætra.




Með annað eintak gensins breytt



Hvorugt eintak gensins breytt

ALMENNAR UPPLÝSINGAR FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MEN1* GENI

Niðurstaða	Meinvaldandi breyting	Við erfðarannsókn fannst meinvaldandi breyting í <i>MEN1</i> geni.
Gen	<i>MEN1</i>	Allir hafa tvö eintök af hverju geni og erfum við eitt eintak frá hvoru foreldri. Meinvaldandi breyting í öðru eintaki <i>MEN1</i> gens getur aukið líkur á að þú fáir óvanaleg mörg brotin bein, nýrnasteina og magasár, önnur einkenni eru t.d. t.d. þreyta og beinverkir. Það geta komið æxli á innkirtla, oftast kalkirtla, bris eða heiladingul. Við það losnar of mikið magn af hormónum. Þessi æxli eru að öllu jöfnu meinlaus.
Eftirlit	 Fyrir konur og karla	Þeim sem bera meinvaldandi breytingu í <i>MEN1</i> geni er ráðlagt að vera í eftirliti hjá innkirtlalækni og láta hann vita af breytingunni.
Ættingjar	50% líkur	Þú hefur erfð breytinguna frá öðru foreldra þinna. Helmingslíkur eru á að þín börn og systkini beri þessa sömu breytingu. Breytingin gæti einnig fundist í fjarskyldari ættingjum. Hægt er að rekja breytinguna í fjölskyldunni.
Næstu skref	Umræða	Við mælum með því að þú deilir þessum upplýsingum til ættingja þinna svo þeir hafi tækifæri til þess að kynna sér málið. Þeir geta haft samband við Erfðaráðgjöf Landspítalans hafi þau hug á að koma í erfðaráðgjöf og/eða erfðarannsókn. Síminn er 543 5070 og póstfangið esd@landspitali.is
Tenglar	Frekari upplýsingar	<ul style="list-style-type: none">Áhættureiknivél – www.ask2me.orgHópar á samfélagsmiðlumhttps://www.niddk.nih.gov/health-information/endocrine-diseases/multiple-endocrine-neoplasia-type-1